

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal 663 — 287. mál.

Svar

félags- og barnamálaráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um upplýsingafulltrúa og samskiptastjóra.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. Eru upplýsingafulltrúar eða samskiptastjórar starfandi í ráðuneytinu? Ef svo er, hver er árlegur heildarkostnaður síðustu tíu ár vegna starfa viðkomandi, sundurlíðað í laun og annan kostnað?
2. Eru upplýsingafulltrúar eða samskiptastjórar starfandi hjá undirstofnunum ráðuneytisins? Ef svo er, hver er árlegur heildarkostnaður hverrar stofnunar síðustu tíu ár vegna starfa viðkomandi, sundurlíðað í laun og annan kostnað?

Félagsmálaráðuneytið hefur upplýsingafulltrúa í fullu starfi og skiptist kostnaður vegna starfa hans með eftirtöldum hætti:

	2019	2020
Kynningarmál/vefstjóri		3.818.826
Upplýsingafulltrúi	9.195.856	11.413.672
Heildarlaunakostnaður	9.195.856	15.234.518

Þess ber að geta að áður lutu þessi málefni undir velferðarráðuneyti, en frá 1. janúar 2019 tók félagsmálaráðuneytið til starfa samkvæmt forsetaúrskurði nr. 118/2018, um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti.

Tryggingastofnun er sú stofnun félagsmálaráðuneytisins sem hefur kostnað vegna þessara málefna. Aðrar stofnanir bera ekki slíkan kostnað.

Tryggingastofnun:

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Kynningarmál	6.077.205	6.250.411	7.928.341	6.971.688	6.384.531	7.364.488	8.012.583	6.825.413	6.746.514	8.042.582
Fjölmíðafulltrúi	0	0	0	0	0	0	956.248	9.047.536	0	0
Vefstjóri	4.542.270	4.670.615	4.909.390	7.282.910	7.402.331	6.985.429	8.047.651	9.074.699	9.573.944	10.374.056
Heildarlaunakostnaður	10.621.485	10.923.037	12.839.743	14.256.611	13.788.876	14.351.932	17.018.498	24.949.665	16.322.476	18.418.657
Annar kostnaður	119.998	40.000	139.997	40.000	161.992	54.000	54.000	206.991	54.000	324.990